

Fundargerð 195. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn föstudaginn 9. maí 2025, kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, formaður, Kristmundur Skarphéðinsson, Valbjörn Jón Höskuldsson, Helgi Már Sigurgeirsson og Arnar Sigurðsson

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Gunnar Sigurðsson

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir, Einar Sveinn Kristjánsson og Ingi Bogi Hrafnsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 194.
2. Skýrsla formanns og staða kjaramála.
3. Sumarlokun.
4. Heimsókn í Tækniskólann.
5. Heiðranir á Sjómannadaginn í Reykjavík.
6. Lagt fram til upplýsingar.
7. Önnur mál.

- 1 Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 194.
Fundargerð verður send til rafrænnar undirskriftar

- 2 Skýrsla formanns og staða kjaramála.

Frá síðasta stjórnarfundum hefur starfið einkennst af aðalfundum. Aðalfundur VM var haldinn 16. apríl. Var það vond dagsetning og tek ég það á mig. Skv. nýjum lögum VM á að boða aðalfund með mánaðar fyrirvara í stað tveggja vikna, eins og var í eldri lögum. Mætingin var léleg og tel ég það meðal annars vegna þess að þetta var miðvikudagurinn fyrir páska. En alls mættu 25 á fundinn ásamt fjórum starfsmönnum VM.

Lífeyrissjóðurinn Gildi hélt ársfund 10. apríl. Fulltrúaráð Gildis fundaði 1. apríl, en þar er tilkynnt hverjir verða í framboði til stjórnar. SA tilnefnir fjóra fulltrúa og launafólk fjóra. Hjá launafólki er samkomulag um hvaða félög eiga stjórnarmenn hverju sinni og að þessu sinni átti Efling að tilnefna tvo fulltrúa. Kjörfundur Birtu var haldinn 9. apríl. Fulltrúaráð Birtu er boðað á þann fund (90 manns) þar sem kosið er í stjórn, sem svo er tilkynnt á aðalfundi, sem var 22. apríl. Þar áttum við einn í framboði, en hann var varamaður fyrir. Hann bauð sig fram til aðalmanns og til vara sem varamann. Fundað var með SFS vegna nýsmíðaálags í lok mars. Við erum enn í kjaraviðræðum, samningur við Björgun var undirritaður 9. apríl.

Þá höfum við fundað hjá sátta vegna viðræðna við Landhelgisgæsluna. Þar eru öll stéttarfélagin saman og aðeins farið að mjakast, þökk sé Sáttasemjara. Það er búið að funda þrisvar og næsti fundur er á mánudaginn kemur.

Skipt var um rekstraaðila á Breiðarfjarðarferjunni Baldri og er verið að endurnýja ráðningarsamninga þar.

3 Sumarlökun.

Skrifstofum VM og Fagfélaganna verður lokað frá 21. júlí t.o.m. 4. ágúst

4 Heimsókn í Tækniskólann.

Skólastjóri Tækniskólans bauð stjórn VM í heimsókn í skólann. Ákveðið að þiggja boðið.

5 Heiðranir á Sjómannadaginn í Reykjavík.

Sjómannadagurinn 1. júní nk.. Tillaga er um að heiðra þá:

Sigurbjörn Björnsson fæddur 24. maí 1957, á sjó síðan 1984 mest hjá Granda.

Georg Magnússon fæddur 10. ágúst 1955 – Formaður veit lítið um hann.

Mikið um beiðnir um styrki vegna sjómannadagsins. VM hefur keypt auglýsingar í blöðum og gerir ráð fyrir að halda því áfram.

6 Lagt fram til upplýsingar.

Gólfmót VM hafa verið haldin en nú munu Fagfélögin standa að móti. Verður haldið 6. júní í Öndverðarnesi.

Fundardagskrá: 14. ágúst, 11. september, 9. október, 13. nóvember og 11. desember

Framkvæmdir í orlofshúsum

Í áætlun orlofssjóðs fyrir árið 2025 var gert ráð fyrir framkvæmdum fyrir samtals 190 milljónum. Tvö hús á Laugarvatni eru að klárast. Mikil endurnýjun var á húsum í Svignaskarði.

Í Ölfusborgir þurfti að endurnýja lagnir á svæðinu. Ástand þaka á raðhúsunum á Laugarvatni er slæmt þ.a. þau þarf að endurnýjun og laga leka með þakgluggum. Sú framkvæmd er áætluð 25 milljón og er ekki á áætlun.

Umræður um eignir félagsins og mat á þeim.

Fundir slitið kl. 11:25

Fundarritari Halldór Arnar Guðmundsson